

Foreldrafélag Glerárskóla

5.Fundur

9.Janúar 2017

Fundur var settur kl 20:00

Mættir: Brynja,Rakel,Vilborg, Alma, Atli og Theódóra

1. Fyrsta mál á dagskrá var að ræða foreldraröltið. Ákveðið var að koma því af stað í byrjun febrúar og munu foreldrar barna í 10.bekk taka fyrstu vikuna síðan 9.bekkur og svo koll af kolli.
2. Foreldraröltið mun vera tvisvar í viku á annað hvort þriðjudegi eða fimmtudegi og svo aftur á annað hvort föstudegi eða laugardegi. Áætlað er að röltið muni fara fram um kl 22:00 og taki um hálf tíma-klukkustund. Theódóra ætlar að setja saman kynningarbréf sem sent verður á foreldra.
3. Ákveðið var að fá bekkjarráðin til þess að halda utan um foreldraröltið fyrir hvern bekk fyrir sig og verður haldin fundur með þeim til þess að koma því af stað. Þau munu þá sjá um að vaktirnar séu mannaðar og koma upplýsingum um vaktaskipulag til foreldra.
4. Brynja mun sjá um að setja upp skjal fyrir vaktirnar í google docs þar sem foreldrar geta svo skráð sig á vaktir.
5. Allir grunnskólarnir á Akureyri eiga að manna vaktir fyrir miðbæjarrölt og var ákveðið að stjórn foreldrafélagsins myndi mæta á þessar vaktir þegar Glerárskóli á vakt.
6. Að lokum var rætt um tækin til að æfa fyrir skólahreysti. Skólinn hefur nú þegar fengið tvo styrki frá fyrirtækjum til þess að kaupa tækin alls 30.000kr. Foreldrafélagið ákvað að styrkja kaupin um það sem vantar uppá. Alma mun sjá um að pantast tækin fyrir skólann.

Kl.21:10 var fundi slitið

Rakel Ósk Jensdóttir, ritari.